

Upplýst samþykki

Samþykki til að heimila ráðgjafa í starfsendurhæfingu og sérfræðingum á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs aðgang að upplýsingum og vinnslu þeirra vegna starfsendurhæfingar

1. Einstaklingur fær aðstoð hjá ráðgjafa í starfsendurhæfingu vegna skertrar vinnugetu. Ráðgjafar starfa hjá stéttarfélögum en á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir nefndur VIRK). Ráðgjafar starfa í nánu samstarfi við sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum VIRK. Um slíkt samstarf gilda samningar, vinnuferlar eða reglur VIRK.
2. Til þess að ráðgjafar og sérfræðingar á vegum VIRK geti veitt einstaklingi nauðsynlegan stuðning, þarfnast þeir viðeigandi upplýsinga um hann og ástæðu skertrar vinnugetu. Þau gögn/upplýsingar sem um ræðir geta meðal annars verið:
 - a. Spurningarlistar sem einstaklingur fyllir út og ýmis gögn útbúin í samvinnu ráðgjafa og sérfræðinga á vegum VIRK. Dæmi um slík gögn eru upplýsingar skráðar á þar til gerð eyðublöð, ýmis gögn vegna matsferlis í starfsgetumati, starfsendurhæfingaráætlun, mat á árangri, upplýsingar um ástundun og starfsgetumat.
 - b. Upplýsingar/gögn frá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki, endurhæfingaraðilum og öðrum sérfræðingum s.s. vottorð, skýrslur, niðurstöður mats og rannsókna og reikningar vegna starfsendurhæfingar einstaklings.
 - c. Upplýsingar/gögn frá heilbrigðis- og endurhæfingarstofnunum, menntastofnunum og fræðsluaðilum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, lífeyrissjóðum, félagsþjónustu eða öðrum þeim sem koma að þjónustu í starfsendurhæfingu sem og gögn frá sjúkrasjóði sem tengjast starfsendurhæfingarferlinu.
3. Sérfræðingar sem VIRK getur leitað til vegna starfsendurhæfingar eru t.d. læknar, sálfræðingar, iðjupjálfar, sjúkraþjálfarar, náms- og starfsráðgjafar eða félagsráðgjafar. Einnig ýmsir sérfræðingar sem starfa hjá sérhæfðum náms- og starfsendurhæfingaraðilum.
4. Ráðgjafi og sérfræðingar sem koma að máli einstaklings hafa aðgengi að upplýsingum um hann, hvort heldur rafrænum eða á pappír. Lífeyrissjóðir, Tryggingarstofnun ríkisins, læknar, meðhöndlandi sérfræðingar, Vinnumálastofnun, Félagsþjónusta og þeir fagaðilar sem koma að þjónustu við einstakling geta fengið upplýsingar um starfsendurhæfingaráætlun og starfsendurhæfingarferil einstaklingsins, tímabil þjónustunnar, ástundun og árangur sem og niðurstöður úr matsferli.
5. Einstaklingur getur, samkvæmt skriflegri beiðni, fengið afhentar þær upplýsingar sem skráðar eru um hann í upplýsingakerfi VIRK. Upplýsingarnar eru afhentar í formi samantekta og staðlaðra skýrslna sem lýsa starfsendurhæfingarferli viðkomandi og þátttöku hans í starfsendurhæfingunni.
6. Upplýsingar verða vistaðar í upplýsingakerfi VIRK. VIRK hefur innleitt öryggiskerfi persónuupplýsinga í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Undirrituð/undirritaður, _____, kt. _____

hefur kynnt sér efni þessa skjals og skilur hvað í því felst og veitir VIRK samþykki sitt fyrir aðgangi, öflun og miðlun þeirra upplýsinga sem hér er lýst og með þeim takmörkunum sem hér er getið.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift: _____